


- Tækifæri Íslands í endurnýjanlegri orku: Evrópuríki eiga nóg í land

Tækifæri Íslands í endurnýjanlegri orku: Evrópuríki eiga nóg í land

Eins og greiningardeild hefur áður fjallað um (sjá [Sæstrengur milli Noregs og Bretlands](#) og [Orkuverð í Evrópu](#)) þarf heildarorkuneysla innan Evrópusambandsins að koma að fimmtungi til frá endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir árið 2020 í samræmi við tilskipun frá árinu 2009. Hvert land þarf að ná sérstöku markmiði sem sett er að teknu tilliti til þess hversu mikið kemur þegar frá endurnýjanlegri orku, auðlinda innanlands, hagrænna aðstæða o.s.frv.

Hagstofa Evrópusambandsins birti á mánudag yfirlit yfir hvernig gekk að ná þessum markmiðum í hverju aðildarríki til og með 2010. Á því ári komu 12,4% orkuneyslu innan Evrópusambandsins frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er aukning frá 11,7% árið 2009 og 10,5% árið 2008.

Lögbundin markmið Evrópusambandsins um hlutdeild endurnýjanlegrar orku
- staðan 2010 og það sem upp á vantar



Heimild: Eurostat og greiningardeild Arion banka

*Tölur aðeins tiltækar frá 2009


Það má því slá því föstu að eftirspurn eftir grænni orku mun gera fátt annað en vaxa í Evrópu á komandi áratug, enda eiga flest Evrópulönd enn nokkuð langt í land til að ná markmiðum sambandsins. Verð grænnar orku mun verða hagfelldara en ella vegna þessa, ekki síst ef grænir hvatar á borð við vottorð, eða samninga sem tryggja jafnaðarverð til lengri tíma koma til. Þetta eru góðar fréttir fyrir íslensk orkufyrirtæki, sem virðast eiga mikla framleiðslugetu inni, bæði með jarðvarma og vatnsafli, og jafnvel vindorku.

Það er einkum áhugavert í ljósi hugmynda um sæstreng, sem merkja að Ísland getur orðið grænt batterí fyrir aðþrengd Evrópulönd sem eiga bággt með að ná markmiðunum hjálparlaust. Hér má

sérstaklega nefna Bretland, sem oft hefur verið nefnt sem hugsanlegur áfangastaður sæstrengs.

Ekkert annað land í Evrópu á lengra í land með að ná markmiðum sínum miðað við stöðuna árið 2010, en markmið Breta er að 15% heildarorkuneyslunnar komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Endurnýjanlegir orkugjafar stóðu aðeins undir um 7% raforkuframleiðslunnar árið 2010 eins og greiningardeild hefur áður fjallað um (það hlutfall jókst um u.þ.b. 2,5% á árinu 2011 ef marka má nýjustu tölur), og enn lægra hlutfalli heildarorkuneyslunnar, eða 3,3%. Það sem verra er; Bretar eiga nánast engar endurnýjanlegar náttúruauðlindir sem þeir geta virkjað aðrar en sól og vind, sem hvort tveggja eru dýrir orkugjafar miðað við t.d. vatnsorkuna hér á landi.

Það sem upp á vantar fyrir árið 2020
- í prósentustigum m.v. stöðuna 2010



Heimild: Eurostat og greiningardeild Arion banka
*Tölur aðeins tiltækar frá 2009

Í vegvísi bresku ríkisstjórnarinnar um endurnýjanlega orkugjafa kemur fram sú spá að til að ná markmiðinu miðað við vaxandi heildarorkuþörf þurfi 234 terawattstundir af endurnýjanlegri orku árið 2020, en framleiðslan nemur nú um 54 terawattstundum. Árlega þörfin fyrir endurnýjanlega orku mun því aukast um 180 TWst til 2020.

Enda endurspeglast áhugi Breta á því að flytja inn græna orku hvort tveggja frá Íslandi og Noregi í samstarfsvilja þarlandra ráðamanna við löndin tvö.

Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og

starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is
